

FW: Boð á samráðsfund á Vestfjörðum um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess

Til : Hjördís Práinsdóttir
Frá : Gísli Halldór Halldórsson
CC : Þórdís Sif Sigurðardóttir
Heiti : FW: Boð á samráðsfund á Vestfjörðum um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess
Málsnúmer : 2017050037
Málsaðili : Velferðarráðuneytið
Skráð dags : 12.05.2017 12:10:07
Höfundur : Gísli Halldór Halldórsson

Viðhengi ATT00001.jpeATT00001.jpe

From: Lovísa Lilliendahl [mailto:lovisa.lilliendahl@vel.is]

Sent: 12. maí 2017 11:53

Subject: Boð á samráðsfund á Vestfjörðum um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess

Boð á samráðsfund á Vestfjörðum um svæðisbundið samráð um aðgerðir gegn ofbeldi, haldinn á Hótel Ísafirði 1. júní 2017 kl. 12.00 - 16.00.

Þann 24. mars sl. undirrituðu ráðherrar félags- og jafnréttismála, heilbrigðismála, dómsmála og mennta- og menningarmála samstarfsyfirlýsingu¹⁾ um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess og tryggðu þar með framgang verkefnis sem stýrihópur, með fulltrúum ráðuneytanna, hefur unnið að síðustu misseri.²⁾ Verkefnið byggir á samstarfsyfirlýsingu fyrrverandi félags- og húsnæðismálaráðherra, innanríkisráðherra og mennta- menningarmálaráðherra sem var formfest í desember 2014. Samstarfsyfirlýsingin er víðtæk og felur í sér samráð milli félagsmálayfirvalda, barnaverndaryfirvalda, mennta- og heilbrigðiskerfis og lögreglu- og ákærvalds með þátttöku félagasamtaka.

Ráðherrarnir leggja áherslu á að komið verði á svæðisbundnu samráði, sem meðal annars er ætlað að bæta verklag við forvarnir og rannsóknir ofbeldismála með sérstakri áherslu á ofbeldi gegn börnum og fötluðu fólki. Stýrihópurinn vinnur einnig að aðgerðaáætlun í samræmi við samstarfsyfirlýsinguna.

Hópurinn hefur í hyggju að leggja til aðgerð um svæðisbundið samráð í aðgerðaáætlunina og viljum við því gjarnan heimsækja sem flest landssvæði í þeim tilgangi að mæta aðgerðina með heimaþingi sem þekkir svæðið og hefur mikilvægar upplýsingar fram að færa í tengslum við slíka aðgerð. Hópurinn hefur í huga að leggja til svæðisbundið samráð á Vestfjörðum. Nú þegar hafa fimm fundir verið haldnir, á Austurlandi, Norðurlandi eystra, Norðurlandi vestra, Suðurlandi og á Vesturlandi, sem voru allir vel sóttir af heimamönnum.

Við viljum því boða til fundar með sveitarstjórum, sýslumanni og öðru lykilfólki á sviði félags- og heilbrigðisþjónustu, barnaverndar, skólamála, lögreglu, og einnig frá Jafnréttisstofu, Vinnumálastofnun, Vinnueftirliti o.fl., ásamt nokkrum hagsmunasamtökum. Við biðjum ykkur vinsamlegast um að taka frá **fimmtudaginn 1. júní kl. 12.00-16.00**. Nánari dagskrá verður send innan skamms. Við höfum haft þá venju að bjóða fundargestum upp á súpu og brauð í upphafi fundar og hefjum formlega dagskrá kl. 12.30.

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku með því að svara þessum tölvupósti fyrir föstudaginn 19. maí.

Fyrir hönd stýrihóps um aðgerðir gegn ofbeldi,
Ingibjörg Broddadóttir, formaður

1) <https://www.velferðarraduneyti.is/media/frettir2016/Samstarfsyfirlýsing-gegn-ofbeldi.pdf>

2) **Í stýrihópnum sitja:**

Ingibjörg Broddadóttir, formaður, fulltrúi velferðarráðuneytis

Sveinn Magnússon, fulltrúi velferðarráðuneytis
María Rut Kristinsdóttir, fulltrúi dómsmálaráðuneytis
Ívar Már Ottason, fulltrúi dómsmálaráðuneytis
Jóna Pálsdóttir, fulltrúi mennta- og menningamálaráðuneytis
Guðni Olgeirsson, fulltrúi mennta- og menningamálaráðuneytis
Lovísa Lilliendahl og Guðríður Bolladóttir starfsmenn velferðarráðuneytis

Eftirtaldir aðilar á Vestfjörðum fá þetta bréf sent:

Sveitarstjórar, félagsmálastjórar, formenn barnaverndarnefnda, skólastjórar grunn-, leik- og framhaldsskóla, fulltrúar skóla- og fræðslumála, heilbrigðisstofnanir, sýslumaður, lögreglan, Vinnueftirlitið, Sólstafir, Stígamót, Fjölmenningarsetur, VIRK, Þroskahjálp, réttindagæslumaður fatlaðs fólks og fulltrúar félaga eldri borgara. Þá er formanni nemendaráðs framhaldsskólans einnig boðið og eftir atvikum haft samband við nokkur önnur félagasamtök.

Lovísa Lilliendahl, verkefnisstjóri / Project

Manager

Velferðarráðuneyti / Ministry of Welfare
Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík, Iceland
Sími/Tel: +(354) 545 8100 - Fax: +(354) 551
9165 .
velferðarraduneyti.is / [Fyrirvari/Disclaimer](#)